

AKI

Fréttabréf Delta Kappa Gamma

Félag kvenna í fræðslustörfum

Útgefandi: *Delta Kappa Gamma á Íslandi*

Vor 1998

Kveðjur til félagskvenna

Fréttabréfið lítur nú dagsins ljós í júní, rétt þegar sumarfrí hefjast. Þar er fjallað um vorþingið á Hvanneyri sem var allt í senn fróðlegt, uppbyggilegt fyrir andann og skemmtilegt. Þau tilmæli okkar ritstjóranna að félagskonur skrifuðu um störf sín eða áhugamál báru heldur lítinn árangur. Við beittum því landfræðilegum þrýstingi og fengum nokkrar konur úr Bétadeild til að skrifa enda lágu þær best við höggi. Nú skorum við á allar félagskonur, og þó kannski sérstaklega þær í Eitadeild, sem eru nýjar í þessum félagsskap, að láta í sér heyrna í næsta fréttabréfi. Fræðakonan sem við kynnum nú er Brynhildur Sigurðardóttir og fjallar hún um tengsl heimspeki og náttúrufræðikennslu í efstu bekkjum grunnskóla.

Gæfuríkt sumar,

Margrét Björgvinsdóttir og Ragnheiður Kjærnested.

Fréttabréf DKG, vor 1998, upplag 185 eintök

Ritstjórar og ábyrgðarmenn:

Margrét Björgvinsdóttir og Ragnheiður Kjærnested

Símar: heima 4627646 / 4621619, vinna 4630526 / 4630828

Tölvupóstur: margret@unak.is rak@nett.is

Fræðakona kynnt

Brynhildur Sigurðardóttir er fædd árið 1970. Hún lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1990 og B.ed. prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1994.

Brynhildur starfaði sem kennari í Síðuskóla á Akureyri 1994-1996. Stundaði nám í heimspeki við Háskóla Íslands 1996-1998.

Hún vann nýsköpunarverkefnið "Tengsl heimspeki og náttúrufræðikennslu í elstu bekkjum grunnskóla" sumarið 1997 og kenndi námskeið við Heimspekiskólann haustið 1997 þar sem hugmyndirnar voru prófaðar með námsefni sem hún samdi sem hluta af nýsköpunarverkefninu.

Sumarið 1998 mun Brynhildur fyrir tilstyrk Nýsköpunarsjóðs námsmanna og Þróunarsjóðs grunnskóla endurvinna námsefnið og verður það þrúfukent í tveimur grunnskólum veturinn 1998-1999.)

Hugleiðing um hugarstarf í skólum

Er hægt að kenna börnum að hugsa?

Þetta er spurning sem lengi hefur ásótt mig. Hún virðist kannski fjaránleg, það lifir enginn maður án hugsunar og því er hugarstarf í stöðugri þjálfun alla ævi, það þarf ekki að kenna það sérstaklega. Er ég kannski að spyrja hvort hægt sé að kenna börnum að hugsa betur? Þessi spurning er nánast hrokafull, hvernig getur einhver hugsað betur en annar, í hverju ætti það að felast? Þrátt fyrir hættuna á því að virðast hrokafull þá trúi ég því að það sé til betri hugsun. Ég er ekki þar með að segja að það sé til léleg hugsun og í því sem ég segi hér er engin afstaða tekin til stöðfæringarinnings, hvort það sem hugsað er um sé gott eða illt, rétt eða rangt. Ég er að tala um hugsun sem ákveðna tækni eða færni sem við beitum í lífinu og með betri hugsun á ég þá við að við nýtum þessa færni til fullnustu en látum hana ekki bara duga til að komast í gegnum hversdagsleikann. Betri hugsun felst þá til dæmis í að vera gagnrýnn, að beita ímyndunaraflinu til að finna nýjar lausnir, að skoða málin frá ólíkum hliðum og taka sjálfstæðar ákvarðanir um hvaða skoðunum fylgt er. Með betri hugsun er einstaklingurinn virkur í að vikka stöðugt sýn sína á heiminn, hann er að nýta betur þá möguleika sem hugur hans býr yfir. Það þarf líklega ekki að kenna börnum þessa hugsun, það búa allir yfir þessum hæfileika. En það þarf að sýna þeim hvers virði það er að hugsa betur, hvaða gagn og gaman þau hafi af því svo að þau temji sér að nýta þessa hæfileika sína í daglegu lífi.

Í heimspeki er hugsað um allt í heiminum á gagnrýnn og skapandi hátt.

Heimspeki er stunduð með samræðu í ræðu eða riti og þessa samræðu geta börn frá unga aldri stundað á jafn árangursríkan hátt og fullorðnir. Þess vegna er hægt að þjálfa betri hugsun barna með því að virkja þau í heimspekilegri samræðu. Út frá þessari hugmynd hafa barnaheimspekingar þróað kennslufræði sína og þeir hafa gefið út námsefni þar sem nemendum er gefin fyrirmynd að því hvernig samræða fer fram um leið og þeir fá margvíslegar hugmyndir til að pæla í og vinna úr. Í verkefni sem ég vann á vegum Nýsköpunarsjóðs námsmanna, sumarið 1997, geri ég grein fyrir hvernig bæta megi náttúrufræðikennslu með því að taka aðferðir barnaheimspekingar inn í kennsluna samhliða öðrum hefðbundnum aðferðum. Náttúrufræðin hefur átt á brattan að sækja í íslenskum skólum og sama gildir reyndar um allan heim.

Einn stærsti vandinn sem tengist þessu viðamikla og mikilvæga fagi er að tengja það efni sem nemendum er gert að læra við hversdagslegt líf þeirra, að þau sjái hvaða gagn það geri þeim að kynnst þessu sviði og hvaða störf það getur boðið þeim í framtíðinni. Þegar kafað er í heim greina á borð við eðlis- og efnafræði er hætta á að maður missi öll tengsl við hversdagslífið. Aðferðirnar sem beitt er eru stærðfræðilegar, hugtökin sem rætt er um mjög séthæfð og reglunar sem læra á stangast oft á við það sem við upplifum hversdagslega. Hvernig er til dæmis hægt að ímynda sér að óendanlegur fjöldi rafeinda á stöðugri hreyfingu verði að lítilli bók sem liggur á borði, bók sem ég horfi og þreifa á, gefur mér upplýsingar og hefur ákveðna merkingu í lífi mínu? Til að nemandinn geti náð tökum á þessu viðfangsefni þarf hann að nálgast það með fjölbreyttum aðferðum; lestri, skipulagningu og framkvæmd tilrauna, vettvangsferðum og dæmareiknin-gi svo eitthvað sé nefnt. Til að hann geti tengt saman það sem hann lærir með þessum ólíku aðferðum og sett það allt í sambengi við sitt daglega líf er síðan nauðsynlegt að hann taki þátt í umræðu um efnið.

Þar til á allra síðustu árum hefur umræðum yfirleitt ekki verið gert hátt undir höfði í náttúrufræðikennslu en mikilvægi þeirra er nú sýfellt betur að renna upp fyrir mönnum. Ég hef þá trú að með því að beina umræðu með nemendum í þann farveg sem barnaheimspekin mótar megi skapa þau tengsl við viðfangsefnið sem þá vantar. Í heimspekilegri samræðu er alltraf gengið út frá sjónarhóli nemendanna, rætt er um efnið með hugtökum sem þau þekkja og í tengslum við þeirra tilveru. Tækifæri gefst til að taka til umfjöllunar spurningar um eðli vísindagreinanna s.s. hvernig vísindamenn

safni upplýsingum og tengi þær saman í kenningar, hvernig nýjar kenningar geta sprottið af hugmyndaflugi þeirra og hvaða viðfangsefni falli utan sviðs vísindanna. Í heimspekilegri samræðu eru líka hugleiddar siðferðilegar og fagurfræðilegar spurningar t.d. hver sé mælikvarðinn á góða vísindalega skýringu og hversu langt maðurinn geti gengið í nýtingu á náttúrunni. Í samræðunni skapast vettvangur til að taka fyrir einstök hugtök, kryfja merkingu þeirra og tengja hana við þær hugmyndir sem nemendur höfðu fyrir um fyrirbærið. Hvert svo sem umfjöllunarefnið er, þjálfast nemendur í að hlusta á skoðanir annarra, vega þær og meta af sanningi, móta eigin skoðanir og setja þær fram á skipulegan hátt. Þar með er náttúrufræðikennslan orðin vettvangur þar sem betri hugsun er beitt og sú þjálfun nýtist nemandanum hvar svo sem hann stígur niður fæti á lífsléiðinni.

Um þessar mundir er verið að endurskoða stefnumið og markmiðssetningu fyrir íslenska grunn- og framhaldsskóla. Það sem að mínu mati skiptir mestu máli er að við hugum að því hvernig skólinn getur sent frá sér einstaklinga sem eru sjálfstætt hugsandi og viðsýnir, tilbúnir til að hlusta á aðrar manneskjur og færir um að vinna með þeim að lausn þeirra vandamála sem upp koma í samfélagi sem gjörbreytt á einni mannsævi. Það er mín sannfæring að heimspekin geti komið okkur langt áleiðis á þessari braut. Því til staðfestingar vil ég enda með svari 8 ára heimspekinema við spurningunni um hvað barnaheimspeki snúist (ég held hún/hann hafi verið franskur, en svipuð svör koma frá nemendum hvar svo sem þeir eru staðir á hnettinum):

"Heimspekin hjálpar mér að þekkja sjálfan mig með því að hjálpa mér að hugsa um mínar eigin hugmyndir og uppgötva hvers vegna ég hugsa eða trúi eins og ég geri."

Brynhildur Sigurðardóttir